

# KJARVAL

22%  
afsláttur



1556 KR. HG

Rauðvínlegnar  
svínakötlettur

20%  
afsláttur



1899 KR. HG

SS Caj P's Lamba  
tvírifjur

20%  
afsláttur



1429 KR. HG

SS Mexico  
Grisakötlettur



599 KR. PH

Frechetta XL  
Prosciutto

26%  
afsláttur



199 KR. PH

KEA Gamaldags  
kindakæfa

40%  
afsláttur



129 KR. PH

Edalfugl Brauðsalöt  
6 teg.



579 KR. PH

Merrild Kaffi 103



89 KR. STK.

Agúrur  
íslenskar



689 KR. PH

Meistara Hrfskaka



499 KR. PH

Haribo BBO  
Sykurpúðar



299 KR.

FP Vasaklútar  
129 KR. STK.



99 KR. STK.

Kit Kat 4 Fingers  
og Lion Bar



1499 KR. STK.

Útilegustóll



3x Notaðu American Express  
hér og þú færð þrefalda  
VILDARPUNKA.

Kortid sem  
kemur þér út

- Sjá opnunartíma á [kjarval.is](http://kjarval.is) -

ÖLL VERÐ ERU BIRT MED FYRIRVARA UM PRENTVILLU OG/EDA MYNDABRENGI

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**



*Hjartans þakking til allra þeirra  
sem heiðruðu mig á 100 ára  
afmæli mínu með komu sinni,  
hlýjum kveðjum og gjöfum.*

*Sérstakar þakking til  
heimilisfólksins  
á Höfðabrekku fyrir veitta aðstoð.*

*Ólafur Pétursson  
Gisjum*

Jórunn Edda, f. 8. febrúar 2009.  
Foreldrar: Kristín Böðvarsdóttir,  
Hvolsvelli og Anton Kári Halldórsson  
frá Vík. Búsett á Hvolsvelli.

SMÁUGLYSINGAR

**Ef æskan vill rétta þér örvandi hönd**

Ef byggir þú, vinur, og vogar þér hátt,  
og vilt, að það skuli ekki hrapa:  
þá legðu þar dýrustu eign, sem þú átt,  
og allt, sem þú hefur að tapa.  
Og fýsi þig yfir til framtíðarlands  
og finnist þú vel getir staðið,  
þá láttu ekki skelfa þig leiðsögn hans,  
sem leggur á tæpastu vaðið.

Og þó það sé best hann sé þrekinn og stór,  
sem þjóðleið um urðir vill brjóta,  
þá hræðstu það ei, að þinn armur er mjór,  
því oft verður lítið til bóta.  
Við þjóðbrautir alda um aljarðar skeið  
að iðju þótt margir séu knáir,

þá velta þó fleiri þar völlum úr leið,  
sem veikburða eru og smáir.

Og stansaðu aldrei, þó stefnan sé vönd  
og stórmenni heimskan þig segi;  
ef æskan vill rétta þér örvandi hönd,  
þá ertu á framtíðar vegi.  
Þótt ellin þér vilji þar víkja um reit,  
það verður þér síður til tafar;  
en fylgi' hún þér einhuga in aldraða sveit,  
þá ertu á vegi til grafar.

Þorsteinn Erlingsson 1858 - 1914

26. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 24. JÚNÍ 2009



## Æskulýðsmót hmf Sindra

Hestakrakkar munið að **1 dag (miðvikudag)**  
er mæting á Sindravöll kl 15:00.

Frekari upplýsingar í síma **867-1486 (Vilborg)**  
**Síðasti skráningardagur fyrir Hestaping Sindra ER**  
**á miðnætti í kvöld (Miðvikudag).**

Með kveðju, reiðskóla- og æskulýðsnefnd

## UMF Katla

Minnir á leikjanámskeiðið fyrir börn fædd 1999-2004  
**29. júní -10. júlí**

Skráningarfræstur til 25. júní hjá

Kristínu Marti s: **893-9170** eða [marti@aknet.is](mailto:marti@aknet.is)

## Klausturbúar og nærsveitamenn!

*Verðum á Kirkjubæjarklaustri dagana 27. -30. júní*

Pantið tíma í alla almenna snyrtingu  
**Upplýsingar í síma 861 9181**

**Heiðís Steinsdóttir snyrtifræðingur**  
**og Þórhildur Karlsdóttir fótaaðgerðarfræðingur**

**Verðum á Skaftárvöllum 2 á Klaustri**  
**geymið auglýsinguna**

### Blómin spring út og þau svelgja í sig sól.

Sumarið í algleymi og hálf tó á enn í jól.  
Í hjarta sínu fólkið gleðst og syngur lítið lag,  
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní.  
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní.

Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn,  
fírnamikinn árvissan og stóran blómsveiginn.  
Fjallkonan í múnderingu þrjár upp á pall,  
með þrjá les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.  
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní.....

Skrúðgöngurnar þræmma undir lúðrasveitarleik,  
lítill börn með blóðrur, hin eldri snafs og reyk.  
Síðan líður dagurinn við hátíðannahöld,  
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg sölutjöld.  
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní.....

Um kvöldið eru allsstaðar útidansleikir,  
að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir.  
En rigningin bindur enda á þetta gleðigeim,  
því gáttir opnast himins og allir fara heim  
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.....  
Það er kominn 17. júní.

Blómin spring út og þau svelgja í sig sól.  
Sumarið í algleymi og hálf tó á enn í jól.  
Í hjarta sínu fólkið gleðst og syngur lítið lag,  
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.  
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní.....

Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn,  
fírnamikinn árvissan og stóran blómsveiginn.  
Fjallkonan í múnderingu þrjár upp á pall,  
með þrjá les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.  
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní....

Skrúðgöngurnar þræmma undir lúðrasveitarleik,  
lítill börn með blóðrur, hin eldri snafs og reyk.  
Síðan líður dagurinn við hátíðannahöld,  
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg sölutjöld.  
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní.



Ómar Sigurvin, heitir hann lækna-  
neminn á Heilsugæslunni í Vík, en hann  
leysir Sigurgeir Má Jensson af í sumar-  
leyfis hans í sumar. Ómar Sigurvin á  
konu og eitt barn.

**Vaktími heilsugæslunnar er 4805344**

Spakmæli vikunnar:

Enginn eignast krónu nema hann hirði  
eyrinn.  
Aldrei nær sá heilum eyri er hálfan fyrirlítur.

**Netverslunin - [www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)**

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,  
sendi um land allt.*

Um kvöldið eru allsstaðar útidansleikir,  
að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir.  
En rigningin bindur enda á þetta gleðigeim,  
því gáttir opnast himins og allir fara heim

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní.  
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.  
Það er kominn 17. júní.

## Þjóðhátíðin í Skaftárhreppi

Á Kirkjubæjarklaustri sá björgunarveitin Kyndill um vel heppnaða dagskrá í góðu veðri. Að vísu munu ekki allir björgunarsveitarmenn hafa verið vel fyrirkallaðir, búnir að vaka alla nóttina í leitinni inni í Landmannalaugum, en að sjálfsöðgu létu menn sig hafa það og skiluðu hátíðinni með sóma.

Á hátíðinni fór m.a. þar fram: kassaklifur, aflraunakeppni, grillaðar og gefnar pylsur og fl.

**Í Tunguseli** var haldin þjóðhátíð samkvæmt venju þar, eru það kvenfélögin ái Álftaveri og Skaftártungu sem sjá um framkvæmdir, sem voru mjög vel heppnaðar.

Hátíðaræðuna að þessu sinni flutti sýslumaðurinn okkar Vestur-Skaftfellinga, Anna Birna Þráinsdóttir.

Fjallkonan var Arnheiður Svandís Jóhannesdóttir, hún er til heimilis á Ljótastöðum en vinnur á Klaustri. Hún las upp ljóðið; *Sumarmál*, eftir Davíð Stefánsson.

Þá sá björgunarveitin Stjarnan um útileiki fyrir börnin og að sjálfsöðgu fyrir þá fullorðnu sem vildu bregða á leik.

Að lokum var boðið til kaffidrykkju. Allt mjög vel heppnað að sögn.




## Þjóðhátíð

Þjóðhátíð var fyrst haldin 1874 til að minnast þess að 1000 ár voru frá upphafi Íslandsbyggðar. Fór hátíðin fram á Þingvöllum og í Reykjavík fyrstu helgina í ágúst. Í nokkur ár á eftir voru haldnir þjóðminningardagar og enn er haldinn frídagur verslunarmanna og þjóðhátíð í Vestmannaeyjum á þessum tíma sumars.

Fyrst var haldið opinberlega upp á 17. júní árið 1911 á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar en 17. júní varð ekki þjóðhátíðardagur Íslendinga fyrr en með stofnun Lýðveldisins 1944. Í aðdraganda Lýðveldisstofnunar gegndi 1. desember hlutverki þjóðhátíðardags því þann dag árið 1918 varð Ísland fullvalda ríki en þó í konungssambandi við Danmörku.

Í Reykjavík hefur þjóðhátíðardagurinn verið haldinn hátíðlegur með sérstakri hátíðadagskrá á Austurvelli, skrúðgöngum, barnaskemmtunum, íþróttum, tónleikum og dansleikjum og fer dagskráina að mestu fram utanhúss. Lengst af hafði íþróttahreyfingin veg og vanda af hátíðarhöldunum en síðari ár hefur Íþrótt- og tómsundaráð Reykjavíkur borið hitann og þungann af dagskrárgerðinni.



## Stórdansleikur í Félagsheimilinu Vík í Mýrdal (Leikskálum) laugardagskv. 27. júní

### Hestamannaball í Vík 2009



*Hljómsveitin Gegndrepa leikur fyrir dansi*

1500 kr. inn - 16 ára aldurstakmark

Húsið opnar kl. 23:30

**Mætum öll og gerum góða stemmingu**

*Ströndin*  
BISTRO & BAR

**Opið hús á Ströndinni,  
Víkurskála**

**Laugardagskv. 27. júní nk.**

**Fritt inn**

**Dúettinn "Sambandið" leikur og syngur af sinni alkunnu snilld**

**Á DÖFINNI**

**Snyrtistofan í Vík**  
er opin 19. - 27. júní  
frá kl 13.00-20.00  
Stofan lokar til 15.  
ágúst

**Hestaping Sindra**  
verður haldið laugardaginn 27. og  
sunnudaginn 28.  
júní 2009.

**UMF Katla**

Minnir á leikjannámskeiðið fyrir börn fædd 1999-2004 29. júní -10. júlí

**Heiðís Steinsdóttir**  
snyrtifræðingur og Þórhildur Karlsdóttir fóttaaðgerðarfræðingur *Verða á*

*Kirkjubæjarklaustri dagana 27. -30. júní.*


**Hestamannaball í Vík 2009**

Vík í Mýrdal (Leikskálum) laugardagskv. 27. júní

**Dúettinn "Sambandið" leikur**

og syngur af sinni alkunnu snilld á opnu húsi á Ströndinni, Víkurskála, laugardagskv. 27. júní nk.





## Hrannar frá Þorlákshöfn

**8,49** fyrir sköpulag  
**8,59** fyrir hæfileika

IS1999187197

3 sæti á Landsmóti 2008 - Stóðhestar 7 v og eldri  
Hrannar er undan Orra frá Þúfu ( Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi) og Koltinnu frá Þorlákshöfn ( 1.v meri sem gefið hefur mikla gæðinga)

Hrannar er með einstakt geðslag og ávallt tilbúin að leggja sig allan fram. Hann er mjög rúmur á öllum gangtegundum, glæsilegur í útliti með eðlisgóðan höfuðburð og fas.

Afkvæmi Hrannars hafa það sameiginlegt umfram annað að vera **bollétt, hálsfalleg og töltgeng** með fallegar hreyfingar og einstaklega gott geðslag.

Hrannar frá Þorlákshöfn **tekur á móti merum í Norður-Götum** - Mýrdalshreppi í fyrra og síðara gangmáli.

**Folatollur með öllu aðeins kr: 90.000.-**

Pantið tímanlega á [gotur@gotur.is](mailto:gotur@gotur.is) eða í síma:  
482 4461 - 893 3911( ORRI) - 861 2930 ( Auður)

Nánari upplýsingar á [www.gotur.is](http://www.gotur.is)

NORDUR  
GÖTUR.IS



## Snjall frá Vatnsleysu

IS2004158500

SNJALL er glæsilegur 5 vetra stóðhestur, stórkostlega ættaður undan Parker frá Sólheimum (Hervarssonur frá Sauðárkróki og Pentu frá Vatnsleysu) og Sabínu frá Vatnsleysu ( Hrafnsdóttur frá Holtsmúla og Albínu frá Vatnsleysu).

Það er óhætt að segja að það sé góð fjárfesting að setja undir þennan glæsilega ungfola, sem án efa á eftir að láta til sín taka í nánustu framtíð.

**Snjall tekur á móti merum í Norður-Götum** - Mýrdalshreppi frá og með 29. júní

**Folatollur með öllu aðeins kr: 40.000 kr**

Pantið tímanlega á [gotur@gotur.is](mailto:gotur@gotur.is) eða í síma:  
482 4461 - 893 3911( ORRI) - 861 2930 ( Auður)

Nánari upplýsingar á [www.gotur.is](http://www.gotur.is)

NORDUR  
GÖTUR.IS





Á myndinni t.v. eru þrír ættliðir; Steinþór Vigfússon, faðir Ólafar Lilju, Ólöf Lilja og Jóhanna Jóhannesdóttir, móðir Steinþórs.

*Myndir: Margrét Harðardóttir*

### 17. júní Hátíðin í Vík

Um Þjóðhátíðina í Vík sá Ungmennafélagið Katla. Dagurinn hófst með því að Ferðafélag Mýrdælinga stóð fyrir gönguferð kl. 9 um morginn frá bankaplaninu. Gengið var austur að Öxarfótarlæk, þar upp Rana, vestur Brúnir Víkurhamra og niður Bratthól til Víkur.

Þá var Guðsþjónusta í Víkirkirkju þar sem sr. Haraldur M Kristjánsson prédikaði, organistinn Kári Gestsson leiddi almennan safnaðarsögn.

Að messu lokinni var gengið í skrúðgöngu niður á hátíðasvæðið á íþróttavellinum. Þar flutti Sveinn Pálsson, sveitarstjóri, hátíðaræðu. Fjallkonan var Ólöf Lilja Steinsþórsdóttir í Ási, sennilega yngsta fjallkona, sem hér hefur verið fjallkona. Svo skemmtileg hittist á að Ólöf Lilja varð 16 ára þennan dag. Hún las upp



Fjallkona Mýrdælinga 2009; Ólöf Lilja Steinsþórsdóttir í Ási

vorljóðið *Í úlfadölum*, eftir Snorra Hjartarson.

Þá fór fram kraftakeppni, þar urðu jafnir til sigurs, Haukur Einarsson á Norður-Hvoli og Guðni Páll Pálsson Vík, m.a. drógu þeir tækjabíl slökkviliðsins.

Þá var ýmislegt fyrir yngstu kynslóðina, trampbólín, hoppukastali og fl. Þá fór fram skólagolf.

Allt tókst þetta með ágætum enda gat veðrið ekki betra verið. Þá var í lokin kaffisala í Leikskálum

### FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

447. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn mánudaginn 22. júní 2009 kl. 13:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn auk Ólafs S. Björnssonar varamanns sem mætir í stað Elínar Einarisdóttur. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

#### *I. Fundargerðir til staðfestingar.*

1.

#### **II. Innsend erindi til afgreiðslu.**

1. Bréf hestamannafélagsins Sindra dags. 5. júní 2009.

Reiðaveganefnd Sindra óskar eftir 1 millj. kr. framlagi frá Mýrdalshreppi til reiðvega-gerðar á móti jafnháu framlagi sem félagið hefur fengið úr reiðvegasjóði.

Ekki er gert ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun ársins og sveitarstjórn getur því ekki orðið við erindinu en mun taka það til umfjöllunar við endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins.

2. Bréf Birgis Harðarsonar og Sifjar Hauksdóttur dags. 14. júní 2009. Sif vikur af fundi.

Birgir og Sif óska eftir að fá til afnota landsvæði við Klettsveg þar sem áður var sandnáma en þau sjá fyrir sér að koma að uppgræðslu svæðisins og tengja það rekstri núverandi tjaldsvæðis.

Sveitarstjórn telur ekki tímabært að úthluta landinu til afnota fyrr en búið er að græða það upp en telur eðlilegt að landið falli undir lóð tjaldsvæðisins þegar uppgræðslu er lokið.

Sif kemur á fundinn.

#### **III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.**

1. Kjör oddvita og varaoddvita.

Sveinn leggur til að Þórhildur Jónsdóttir verði kjörin oddviti til eins árs.

Samþykkt með 3 atkv. (SP, ÞJ, SH). Tveir sitja hjá (KP, ÓSB).

Þórhildur leggur til að Sif Hauksdóttir verði kjörin varaoddviti til eins árs.

Samþykkt með 3 atkv. (SP, ÞJ, SH). Tveir sitja hjá (KP, ÓSB).

2. Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Umhverfisnefnd Alþingis óskar umsagnar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Sveitarstjórn leggst gegn friðlýsingu hvannstöðs undir Reynisfjalli þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hætta búin af manna völdum og skiptar skoðanir eru meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar eru í gildi í Mýrdalshreppi.

3. Aðalfundur Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs.

Aðalfundur var haldinn 19. júní s.l. Fundargerð aðalfundar lögð fram til kynningar.

4. Umsókn um lóð.

Pálmi Kristjánsson og Iwona Trzebiatowska óska eftir að fá lóðina Mýrarbraut 5 til að byggja á henni íbúðarhús. Samhliða skila þau lóð við Mylluland sem þau hafa áður fengið úthlutaða. Samþykkt.

5. Urðunarstaðir - bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11. júní 2009.

Unnið er að gerð umsókna vegna endurnýjunar starfsleyfis fyrir urðunarstaði. Sveitarstjóra falið að sækja um undanþágu til umhverfisráðherra til rekstrar urðunarstaða þar til starfsleyfi hafa verið endurnýjuð.

6. Rafrænar kosningar - bréf Samgönguráðuneytis dags. 28. maí 2009.

Með bréfinu eru kynnt áform ríkisstjórnar Íslands um tilraunaverkefni um rafrænar

kosningar að hluta eða öllu leyti í tveimur sveitarfélögum í næstu sveitarstjórnarkosningum. Lagt fram til kynningar.

7. Dyrhólaey - bréf Umhverfisstofnunar dags. 15. júní 2009.

Með hliðsjón af mati Dr. Arnórs Þ. Sigfússonar fuglafræðings sbr. minnisblað dags. 9. júní 2009 um skoðun á fuglalífi í Dyrhólaey, ákvað Umhverfisstofnun að opna Háey Dyrhólaeyjar frá og með 16. júní en hafa Lágey Dyrhólaeyjar lokaða fram að föstudeginum 19. júní. Tekið er fram að þetta sé ákvörðun sem gildir einungis fyrir árið 2009.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri ályktanir landeigenda um að Dyrhólaey verði opin almenningi að sem mestu leyti og að a.m.k. verði opið upp á Háey allt árið. Sveitarstjórn hvetur Umhverfisstofnun til að ráða landvörð til að hafa umsjón með Dyrhólaey yfir helsta ferðamannatímum. Jafnframt hvetur sveitarstjórn Vegagerðina til að halda áfram endurbótum á vegum að og á Dyrhólaey.

Þórhildi er falið að boða landeigendur til fundar á haustmánuðum.

8. Kirkjuvegur 3, Austurvegur 11d - bréf Forum lögmanna dags. 10. júní 2009.

Með bréfinu er þess krafist að ákvarðanir sveitarstjórnar um breidd aðkomu að Austurvegi 11d verði afturkallaðar að öðrum kosti verði ákvörðun kærð til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Skipulags- og byggingarnefnd heimilaði endurbyggingu og stækkun hússins að Austurvegi 11d þann 16. október 2008 að undangenginni grenndarkynningu. Nefndin samþykkti að gefa út byggingarleyfi með fyrirvara um að gætt væri að ákvæðum byggingarreglugerðar um brunavarnir.

Í byggingarreglugerð er ákvæði um aðkomuleið slökkviliðs að húsi skuli vera

a.m.k. 3m að breidd. Að höfðu samráði við slökkviliðsstjóra var ákveðið að láta nægja að aðkomuleið meðfram Austurvegi 11c væri 2,2 m til að koma til móts við sjónarmið lóðarhafa Kirkjuvegur 3. Meirihluti sveitarstjórnar samþykkti tillögu um að aðkomuleiðin væri 2,5 m til að nálgast frekar ákvæði byggingarreglugerðar.

Sveitarstjórn telur að málsmeðferð hafi ekki verið ábótavant og málefnaleg rökstandi að baki ákvörðunum og hafnar því að afturkalla fyrri ákvarðanir.

Þrír samþykkja þessa bókun (SP, ÞJ, SH). Tveir sitja hjá (KP, ÓSB).

9. Sjóvörn. Í tölvubréfi Siglingastofnunar frá 14. maí s.l. kemur fram að þess sé vænst að ríkið veiti fjármagn í gerð sjóvarnargarðs vestan Víkurár á næsta ári. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við þann garð verði um 230 m.kr.

Sveitarstjórn krefst þess að samgönguráðherra tryggi fjármagn í framkvæmdina enda ljóst að landbrot er orðið umtalsvert meira og fjörlína komin inn fyrir viðmiðunarmörk sem marka áttu upphaf framkvæmda. Landbrot getur því farið að ógna mannvirkjum og byggð verði ekki brugðist við hið fyrsta.

10. Skólaakstur. Sveitarstjóra er heimilað að endurnýja samning um skólaakstur til eins árs.

11. Fimm mánaða staða sveitarsjóðs. Yfirlit lagt fram til kynningar.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 19. fundar félagsmála-nefndar frá 19. maí 2009.

2. Fundargerð 35. fundar barnaverndarnefndar frá 3. júní 2009.

3. Fundargerð 31. fundar stjórnar félagsþjónustu frá 8. júní 2009.

4. Fundargerð 424. fundar stjórnar SASS frá 12. júní 2009.

5. Fundargerð 285. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 6. maí 2009.

V. **Annað kynningarefni**

1. Bréf UMFÍ dags. 4. júní 2009 - Ungt fólk og lýðræði.

2. Bréf RKÍ ódagsett.

3. Bréf Samgönguráðuneytis dags. 12. maí 2009.

4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 27. maí 2009.

5. ORF Líftækni hf - kynningarblað.

6. Fræðasetur í Skógum.

7. Geopark.

8. Aðalskipulag - gögn í umsagnarferli.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:00

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Ólafur S. Björnsson, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

**kartöflur**  
Gamall maður bjó einn, hann langaði til þess að stinga upp kartöflugarðinn sinn, en það var mikil erfiðisvinna. Bubbi sonur hans, var sá eini sem hann hafði getað fengið til að hjálpa sér. En Bubbi var lokaður inni á Hrauninu. Gamli skrifaði honum bréf og sagði honum frá vandræðum sínum: Elsku Bubbi minn, Æ, mér líður hálfilla, því það lítur út fyrir að ég geti ekki sett neinar kartöflur niður í garðinn þetta árið. Ég er bara að verða of gamall til þess að vera að stinga upp beðin. Ef þú værir hérna, ætti ég ekki í neinum vandræðum, því ég veit að þú myndir stinga upp beðin fyrir mig. Kær kveðja til þín, elsku sonur Pabbi. Eftir örfáa daga, fékk hann bréf frá syni sínum : Elsku Pabbi Í GUÐANNA BÆNUM, ekki stinga upp garðinn ! Ég gróf ránsfenginn og byssurnar þar ! Þinn Bubbi Í birtingu morguninn eftir komu hópar lögregluþjóna og umbyltu öllum beðunum, en fundu hvorki þýfi né byssur. Þeir báðu gamla manninn afsökunar og hurfu á braut. Sama dag fékk hann annað bréf frá syninum : Elsku pabbi Drífðu nú í því að setja niður kartöflurnar. Við núverandi aðstæður get ég ekki gert betur. Þinn elskandi sonur Bubbi.



Það sem af er sumri hafa komið hátt í 400 ferðamenn til að skoða fiskeldi Fagradalsbleikju ehf. og von er á einum 30 manna seinna. Á myndinni er hópur sem kom 14. júní að skoða hjá Fagradalsbleikju, hópurinn var frá Jersey Jónas og Ragnhildur kona hans eru þátttakendur í *Opinn landbúnaður*